




■ Megas á tónleikum í Austurbæjarbíói.

Megas flytur Passíusálma


■ Um páskahegina efnir Hitt leikhúsið til hljótleika í Íslensku óperunni í Gamla Bíói. Þar mun Magnús Þór Jónsson – Megas – flytja sextán Passíusálma Hallgríms Péturssonar við eigin tónsmíðar. Hljótleikarnir verða fyrst á laugardagskvöld fyrir páska og síðan á páskadag. Þeir hefjast báða dagana klukkan níu stundvíslega.

Rúmur áratugur er liðinn frá því að Megas flutti Passíusálmana í fyrsta sinn ásamt Plastpíslarbandinu í Gallerí SÚM. Megas hefur samið lög við alla Passíusálmana og tveim betur, bæði 51. sálminn eftir Stein Steinar og útúr-snúning Karls Ísfeld á því fræga kvæði.

Með Megasi á sviði Gamla Bíós verður stór hljómsveit, og skipa hana Ragnhildur Gísladóttir, sem annast bakraddir og syngur hún í fyrsta sinn með Megasi á þessum tónleikum. Ásgeir Óskarsson trommu-leikari, Haraldur Þorsteinsson

bassaleikari og Björgvin Gíslason gítarleikari léku með Megasi á hljótleikum í Austurbæjarbíói á liðnu hausti og verða enn með í spiliinu. Þá eru þeir ónefndir þeir Pétur Hjaltested hljómborðsleikari og Rúnar Gunnarsson blásari. Hljómstjórn hefur á hendi Gunnar Smári Helgason.

Miðasala á Passíusálma-hljótleikana hefst föstudaginn 29. mars í miðasölu Gamla Bíós kl. 14.00.



Afmælissýning Textílfélagsins að Kjarvalsstöðum

■ Pann 16. mars síðastliðinn opnaði Textílfélagið samsýningu á verkum félagsmanna. Á sýningunni, sem haldin er á Kjarvalsstöðum í tilefni 10 ára afmælis félagsins eru 87 verk eftir 29 félagsmenn. Verkin eru af ýmsum toga, og má þar nefna vefnað, tauprykk, þrjón og skúlptúr úr alls konar trefja- og þráðafnum.

Á hefur Textílfélagið í tilefni sýningarinnar látið gera myndband með litskygnum af verkum félagsmanna frá 10 ára tímabili. Myndbandið verður í gangi alla daga meðan á sýningunni stendur.

Á sýningunni er til sölu nýtt og vandað félagatal prýtt myndum, ásamt formála eftir Hrafnhildi Schram.

Á meðan sýningin stendur yfir munu tveir félagar Textílfélagsins halda fyrirlestra í tengslum við sýninguna: Sigríður Halldórsdóttir vefnaðarkennari flytur fyrirlestur sunnudaginn 31. mars kl. 20.00, sem hún nefnir **Kljásteinavefstaðinn**, og Hulda Jósefsdóttir textilhönnuður flytur fyrirlestur miðvikudaginn 2. apríl kl. 20 um norræna þrjónahefð.

Sýningin er opin alla daga frá 14.00-22.00. Henni lýkur 8. apríl.

Bach-tónleikar í Langholtskirkju

Laugard. 30 mars gangast Kór Menntaskólans við Hamrahlíð, Hamrahlíðarkórinn, Mótettukór Hallgrímskirkju og Listvinafélag Hallgrímskirkju fyrir Bach-tónleikum í Langholtskirkju. Hefjast þeir klukkan 17.00. Á efnisskrá eru þrjú kórverk, mótettur, eftir Bach og Arni Kristjánsson píanóleikari flytur ávarp í tilefni af 300 ára afmæli Bachs, sem nú er minnst víða um heim með fjölbreyttu tónleikahaldi.

Kór Menntaskólans við Hamrahlíð flytur fyrsta verkið á tónleikunum undir stjórn Þorgerðar Ingólfsdóttur. Er það mótettan Lobet den Herren. Þá flytur Mótettukór Hallgrímskirkju Jesu meine Freude undir stjórn Harðar Áskelssonar. Að loknu ávarpi Arna Kristjánssonar syngja Mótettukórinn og Hamrahlíðarkórinn mótettuna Komm, Jesu, komm, en hún er skrifuð fyrir tvo kóra. Stjórnar Þorgerður Ingólfsdóttir þeim flutningi.

Aðgöngumiðar verðar seldir við innganginn, en tónleikarnir verða sem fyrr segir í Langholtskirkju og hefjast klukkan 17.00. Allur ágóði tónleikanna verður látinn renna í orgelsjóð Hallgrímskirkju, en eftir Bach liggur eitt mesta safn orgelverka og kirkjutónlistar svo sem kunnugt er.

Tónleikar í Langholtskirkju

Sunnudaginn 31. mars, kl. 17.00 verða tónleikar í Langholtskirkju. Á fyrri hluta tónleikanna flytja þeir Halldór Vilhelmsson og Gústav Jóhannesson Biblíuljóð eftir Dvorak við texta úr Davíðsálmu. Á seinni hluta tónleikanna flytur kór Langholtskirkju undir stjórn Jóns Stefánssonar kórverk frá ýmsum tímum, þ.á.m. Exultate Deo eftir Scarlatti, Ave Maria eftir Bruckner, þýska messu eftir Radulescu og „And Death Shall Have No Dominion“ eftir Sverre Bergh við ljóð eftir Dylan Thomas.

Þetta eru aðrir tónleikar í þriggja tónleika röð, sem kórinn heldur í vetur. Tónleikaröðin er liður í undirbúningi söngferðar til Austurríkis og Ítalíu, sem kór Langholtskirkju tekst á hendur í júní.

Sýning Rúnu í Gallerí Langbrók

Rúna (Sigrún Guðjónsdóttir) opnar sýningu í Gallerí Langbrók, Torfunni, Amtmannsstíg 1, laugardaginn 30. mars kl. 14.00.

Rúna hefur haldið einkasýningar og tekið þátt í fjölda samsýninga, bæði innan lands og utan. Á síðari árum hefur hún unnið flest myndverk sín í steinleir og postulín, en að þessu sinni sýnir hún teikningar, flestar unnar á japanskan pappír, og einnig smámyndir, málaðar með akrýllitum.

Síðastliðin tvö ár hefur Rúna verið í hópi þeirra 24 listamanna, sem standa að Gallerí Langbrók. Sýningin er opin frá 12.00-18.00 virka daga og 14.00-18.00 um helgar. Sýningunni lýkur 14. apríl.

Hitt leikhúsið Litla hryllingsbúðin

■ Á laugardagskvöld verður 50. sýning á Litlu hryllingsbúðinni, sem Hitt leikhúsið hefur sýnt í vetur í Íslensku óperunni – Gamla Bíói.

Aðsókn hefur verið með eindæmum góð, enda sýningin rómuð af gagnrýnendum og áhorfendum. Hljómplatan með lögum úr söngleiknum hefur trónað efst á vinsældalistum í hartnær átta vikur.

Litla hryllingsbúðin verður sýnd nokkuð fram í apríl, en þá mun Edda Heiðrún Backman vikja úr hlutverki Auðar í sýningunni og snúa sér að öðrum verkefnum. Óráðið er hvort sýningum verður þá haldið áfram.

Sýningar um helgina verða á föstudags-, laugardags-, og sunnudagskvöld og hefjast klukkan 20.30.

Dagsferðir Ferðafélags Íslands

1. Skídaganga úr Bláfjöllum að Kleifarvatni – farið verður af stað kl. 10.30. Gangan tekur um 5 klst.

2. Gengið í Grindaskörð af Bláfjallaveginum Brottfor verður kl. 13.00. Ekinn verður nýi Bláfjallavegurinn í Dauðadal og gengið þaðan í Grindaskörð.

Brottfor frá Umferðarmiðstöðinni, austanmegin. Farið verður seldir við bíl, ókeypis fyrir börn í fylgd fullorðinna. Munið að koma vel klædd með húfu og vettlinga. Ferðafélag Íslands.

Páskaferðir Ferðafélagsins

■ 1) 4.-8. apríl: Landmannalaugar. Skídaganga frá Sigöldu inn í Laugar (um 25 km). Snjósleðar flytja farangur. Gönguferðir og skídagönguferðir í Hrafninnuskur, Kýlinga og víðar. Gist verður í sæluhúsi F.I. í Landmannalaugum. Í sæluhúsinu verða húsverðir, sem taka á móti ferðamönnum.

Peir, sem hafa hug á að gista í Laugum, ættu sem fyrst að tryggja sér gistingu og hringja á skrifstofu F.I. Oldugötu 3, Reykjavík. Fararstjóri er Jón Gunnar Hilmarsson.

2. 4.-7. apríl (4 dagar): Snæfellsnes-Snæfellsjökull Gist verður í íbúðarhúsi á Arnar-

stapa, frábær aðstaða, stutt í sundlaug. Gengið á Snæfellsjökul, farið í Dritvík, Djúpálón og víðar. Fararstjóri er Jóhannes I. Jónsson.

3. 4.-8. apríl: Króksfjörður og nágrenni. Gist í Bæ í Króksfirði í svefnpokaplássi. Gengið á Vaðalfjöll, um Borgarland, út á Reykjanes og víðar. Afar skemmtilegt og forvitnilegt svæði. Léttar gönguferðir. Fararstjóri Sigurður Kristinnsson.

4. 4.-8.: Þórsdagsmörk (5 dagar) Gönguferðir daglega. Gist í Skagfjörðsskála. Fararstjóri er Sturla Jónsson.

5. 6.-8. apríl: Þórsdagsmörk (3 dagar) Farastj. Ólafur Sigurgeirsson.

Ferðamenn athugið að Ferðafélagið notar allt gistirými í Skagfjörðsskála um

bænadaga og páska. Allar upplýsingar og fariðasala er á skrifstofu F.I. Oldugötu 3. Pantíð tímanlega. Takmarkaður setafjöldi í sumar ferðirnar.

Útivistarferðir

■ Afmæliserferðir sunnudaginn 31. mars: Klukkan 10.30 á sunnudagsmorgun verður farin ný leið á Keili: Þráinsskjöldur-Keilir. Klukkan 13.00 á sunnudag: Keilir – Hverinn eini.

Keilir er afmælislíjall Útivistar, því þangað var farin fyrsta Útivistargangan fyrir 10 árum. Þátttakendur fá afmæliserðabók afhenta. Frítt f. börn með fullorðnum. Brottfor verður frá BSÍ, bensínsölu. Í Hafnarfirði við kirkjugarðinn.

Páskaferðir 4.-8. apríl 5 daga ferðir

1. Snæfellsnes-Snæfellsjökull. Gist verður að Lýsuhóli, þar er sundlaug og heitur pottur. Gönguferðir verða farnar um strönd og fjöll.

2. Þórsdagsmörk. Góð gistiðastaða í Útivistarskálanum Bæsum.

3. Mýrdalur og nágrenni. Ný ferð. Gist verður að Leikskálum Vík.

4. Öræfi-Suðursveit-Vatnajökull. Auk skoðunar- og gönguferða um Skaftafell og öræfi er boðið upp á dagsferð með snjóbíli á Vatnajökul.

5. Skíðafærð á Fimmvörðuháls.

6. Þórsdagsmörk. Einnig 3 daga ferð með brottför á laugardag

kl. 9.00. Upplýsingar og fariðasala á skrifstofu Útivistar, Lækjargötu 6a, símar 14606 og 23732.

Norræna húsið Færeysk alþýðulög með sveiflu

■ Mánudaginn 1. apríl heldur Kristian Blak tónleika í Norræna húsinu ásamt Sharon Weiss og Þórði Högnasyni.

Kristian Blak er danskur að uppruna, en fluttist fyrir áratug